

Svar

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um stangveiði í ám.

Fyrirspurnin hljóðar svo;

1. *Hversu oft á sl. 20 árum hefur veiðimálastjóri heimilað:*
 - a. *fjölgun stanga í íslenskum laxveiðiám, sundurliðað eftir ám og árum,*
 - b. *lengingu veiðitíma fram yfir 90 daga, sundurliðað eftir ám og vötnum?*
2. *Hversu oft á sl. 20 árum hefur veiðimálastjóri mælt fyrir um fækkun leyfilegra stanga í íslenskum laxveiðiám, sundurliðað eftir ám og árum?*

Leitað var til veiðimálastjóra um svar við fyrirspurninni.

1. Breyting á fjölda stanga í ám.

Heimild veiðimálastjóra til ákvörðunar á fjölda stanga er byggð á 4. mgr. 30. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, sem hljóðar svo: „Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álit veiðifélags.“

Veiðimálastjóri og veiðimálanefnd hafa þannig ætíð tekið sameiginlegar ákvarðanir um leyfilegan stangafjölda í hverri á og við þær ákvarðanir hefur verið gætt mikillar íhaldssemi í ljósi þess að ekki er stjórnsýslulega auðvelt að fækka stöngum í samræmi við minnkandi laxveiði. Kemur þar til sú staðreynd að veiðileyfi eru að verulegum hluta seld í forsölu sex mánuðum fyrir veiðitíma, löngu áður en ljóst er hvernig laxgengd verður það árið. Þar sem niðurstöður rannsókna í laxveiðiám hér á landi hafa enn fremur ekki gefið til kynna að um ofveiði væri að ræða hafa veiðimálastjóri og veiðimálanefnd hvorki haft faglegar né stjórnsýslulegar forsendur til fækkunar á stöngum. Hins vegar hafa veiðifélög og stangveiðifélög oft brugðist við minnkandi laxveiði með því að fækka leyfilegum stangveiðidögum. Einnig hafa þessir aðilar takmarkað sókn með því að setja hámark á daglegan fjölda veiddra laxa og takmarka leyfilega beitu. Auk þess tíðkast nú mjög að sleppa fluguveiddum laxi. Þessi atriði gætu í mörgum tilfellum verið áhrifameiri friðunaraðgerðir en fækkun stanga.

Í töflu 1 eru sýndar þær breytingar sem orðið hafa á leyfilegum stangafjölda í laxveiðiám hér á landi undanfarin 20 ár. Fram kemur hvaða ár breytingin er heimiluð og svo meðalveiði í ánni og fjöldi veiddra laxa á hverja leyfilega stöng eftir breytinguna. Eins og sést hafa 20 sinnum orðið breytingar á fjölda stanga í 18 ám undanfarin 20 ár. Þetta staðfestir þá íhaldssemi sem áður var minnst á varðandi stangafjölda.

Samkvæmt 21. grein laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, getur veiðimálastjóri friðað veiðivatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum, enda sé friðun nauðsynleg til að vernda stofn veiðivatnsins. Í þessu tilfalli þarf veiðimálastjóri samþykki veiðimálanefndar og viðkomandi veiðifélags fyrir aðgerðunum, sem hljóta að byggjast á faglegum upplýsingum um að fiskstofn vatnasvæðisins sé í verulegri hættu. Til þessa ákvæðis hefur aldrei verið gripið, enda greinilega sett inn í lögin sem neyðarúrræði þegar annað þrýtur.

2. Framlenging á veiðitíma.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, er heimilt að veiða lax í þrjá og hálfan mánuð á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert. Þetta samsvarar 104 stangardögum. Engar heimildir eru í lögum til að framlengja veiði á laxi umfram þessi tímamörk og því hafa engar heimildir til framlengingar verið veittar.

Í fyrirspurn kemur fram misskilningur um leyfilegan hámarksveiðitíma. Fyrir 1994 var leyfilegur laxveiðitími í hverri veiðiá 90 dagar en með breytingalögum nr. 63/1994 var laxveiðitímabilið lengt um hálfan mánuð, eða úr 90 dögum í 104.



VEIÐIMÁLASTJÓRI

Directorate of Freshwater Fisheries

Vagnhöfði 7
110 Reykjavík, Iceland
Sími: 567 6400 • Bréfsími: 567 8850
Netfang: veidimalastjorn@veidimalastjori.is

Breytingar á stangafjölda vegna laxveiða síðustu 20 ár (1980-1999)

Vatnsfall	Meðalveiði	Fjöldi stanga fyrir breytingu	Ný ákvörðun á stangarfjölda	Meðalveiði á hverja stöng	Ártal við ákvörðun stangarfjölda	Athugasemdir
Blanda	1017	4	7	145 laxar	1992	Breytt aðstæða til veiði vegna virkunarfrákvæmda
Breiðdalsá	132	8	10	13 laxar	1980	Að hluta til bleikjuveiði
Elliðaár	1281	6	6	214 laxar	1993	Staðfest að nota megi 6 stangir allan veiðitímann. Áður voru 4 til 30. Júní og 6 eftir það
Fáskrúð	228	2	3	76 laxar	1989	Með takmörkunum (viðbótarstöng má nota í 30-36 daga á veiðitímanum)
Fnjóská	238	6	7	34 laxar	1994	Að hluta til bleikjuveiði
Hofsá	990	6	7	141 laxar	1989	Með takmörkunum (Viðbótarstöng má nota mest í 30 daga)
Langá og Urriðaa	1387	13,5	14	99 laxar	1990	
Laugardalsá	311	3	4	78 laxar	1987	
Laxá í Dölum	948	7	8	119 laxar	1989	
Miðfjarðará	1293	10	11	118 laxar	1988	10 stangir notaðar
Ormarsá	183	4	5	37 laxar	1992	
Selá í Vopnafirði	834	6	7	119 laxar	1996	
Selá í Vopnafirði	834	7	8	104 laxar	1999	Með takmörkunum (viðbótarstöng má nota frá 30/7-30/8)
Vatnsdalsá	918	5	6	153 laxar	1983	
Vesturdalsá í Vopnafirði	232	2,5	3	77 laxar	1993	
Pverá Borgarfirði	1915	13	14	137 laxar	1990	
Rangárnar	1042	28	34	31 laxar	1991	Meðalveiði í Rangánum miðuð við árin 1990-1994
Rangárnar	2433	34	35	70 laxar	1997	Meðalveiði í Rangánum miðuð við árin 1995-1999
Ólfusá og Hvítá	1058	42	59	18 laxar	1980-1999	Aukning stanga í jökulvatni
Ólfusá og Hvítá	1058	70	80	13 laxar	1982	Á þeim tíma sem öll net eru uppi (um 10-19 ágúst)
Hvítá Borgarfirði	461	7	10	46 laxar	1993	Aukning stanga í jökulvatni